

Nd.

227. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 5, 19. febrúar 1886, um friðun á laxi.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Jeg hefi ekki getað orðið samdóma hinum háttvirtu samnefndarmönnum mínum í þessu máli, þrátt fyrir það, að tillaga meiri hlutans er mjög mikið aðgengilegri en frumvarpið sjálft á þingskj. 54. Jeg álit þá stefnu, sem hjer er tekin, að gefa sýslunefndunum vald í einstökum tilfellum til að slaka til á laxafriðunarlögum, talsvert athugaverða.

Jeg álit nefnilega, að það eigi aldrei í neinu tilfelli að slaka til á þessu friðunar ákvæði á laxalögum, að net skuli taka úr á 36 tíma í viku hverri, nema að þá um leið sje aukin friðunin á annan hátt, sem jafni sig fullkomlega á móti þessari tilslökun.

Það er víst, að ef einni sýslunefnd er nú gefið leyfi til að gjöra slíka breytingu, þá koma fleiri sýslunefndir á eftir, sem vilja fá sama rjett, og ef þingið ætlar að vera sjálfu sjer samkvæmt, þá verður það einnig að veita hann. En með því tel jeg, að þingið sje komið út á slæma braut.

Jeg er sem sagt hræddur við að sýslunefndir muni í mörgum tilfellum

koma á slíkri samþykkt, ef þær hafa nægilegt atkvæða magn til þess, jafnvel þó það gjöri mörgum búendum hjeradsins stóran skaða, og valdi að því leyti sárri gremju; en slíkt má ekki koma fyrir.

Og þó svo kunni að koma fyrir í einu hjeraði, að engir sjeu á móti slíkri ráðstöfun, þá getur það verið illt fyrir því.

Eins og flestir vita, hrygnir laxinn og fæðist upp í smáánum og kvislum, fram til dala og fjalla; til þess því að hann geti haldist við eða fjölgað, má ekki eyðileggja hann, eða stöðva of mikið neðan til í ánum, þegar hann er í uppgöngu; slíkt getur verið mjög hættulegt fyrir laxveiðina í framtíðinni, og til stórtjóns fyrir alla þá, er laxveiði stunda, alveg jafnt hvort þeir búa við árósa, eða upp til dala.

Jeg verð því að ráða hinni háttvirtu deild til að fella frumvarp þetta.

Alþingi 24. júlí 1914.

Jóhann Eyjólfsson.